

## Eignfærsla, ferli bókana

Samkvæmt reikningskilareglum ríkissjóðs skal eignfæra og afskrifa varanlega rekstrarfjármuni og kostnað vegna óefnislegra réttinda eða þróunar hugbúnaðar. Einnig er gerð krafa í lögum um opinber fjármál að ríkisaðilar haldi eignaskrá þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir inn. **FA eignakerfi** í ORRA sinnir báðum þessum kröfum.

Eftir lok vinnudags eru keyrðar reglulega keyrslur í Orra sem finna þær eignfærslur sem bókaðar hafa verið í **AP viðskiptaskuldir/GL fjárhagur** á tegundalykil 18xxx (sjá tegundalykla í Orra á heimasíðu FJS) og flytja afrit af þeim yfir í safnskrá sem tengist **FA**.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en einn kostnaðarreikningur stendur á bak við eina eign (t.d. bygging húsnæðis, viðhald eigna og hugbúnaðargerð), þá er gert ráð fyrir að farið sé með þær færslur í gegnum „verk í vinnslu“. Allir kostnaðarreikningar sem tilheyra verki í vinnslu eru bókaðar á viðeigandi gjaldategund 5xxxx með bókunartákni 22, bókunartáknið tryggir að færslan streymir frá gjaldalykli til 18011/18012. Þegar verki er lokið er kostnaðarverð fært einni tölu af 18011/18012 í **GL** yfir á viðkomandi 18xxx tegundalykil (sjá leiðbeiningar á heimasíðu FJS).

Í safnskrá eru færslurnar skilgreindar út frá 18xxx tegundalykli. Afskriftarprósenta byggir á skilgreindu viðmiði. Texti í lýsingarsvæði kemur frá **AP/GL**, en ef það er autt þá úthlutað X í lýsingarsvæðið, sett er 0 í staðsetningarsvæðið, einingarnar koma alltaf sem 1 eining því flutningsforritið getur ekki gert upp einingarnar innan eins reiknings. Ef afskriftarprósenta hentar ekki í ljósi fyrirhugaðar notkunar þá þarf að breyta henni þegar bókunin er komin inn í **FA**. Sama á við ef laga þarf lýsingu, staðsetningu og fjölda eininga

Fyrningarkeyrsla á sér stað um 15. hvers mánaðar vegna mánaðarins á undan og um 30. hvers mánaðar er innlestur af safnskrá inn í **FA**, ný fyrningakeyrsla framkvæmd og tímabilinu lokað (fyrir utan desembertímabil sem er haldið opnu lengur vegna ársloka uppgjörsvinnu). Streymi bókana vegna eignfærslna færast frá **AP/GL** til **FA**, en streymi bókana vegna afskrifta og úreldinga færast frá **FA** til **AP/GL**.

Gott er að taka út **FA** fjárhagsskýrslu í Ask yfir eignir og nota hana til hliðsjónar þegar verið er að viðhalda eignaskránni. Í skýrslunni kemur fram eignanúmer sem er notað til að kalla fram eign í **FA** og breyta þeim atriðum sem með þarf.

**Lýsingin** þarf að vera greinargóð þegar upphafleg bókun á sér stað í **AP/GL**. Ef þörf er á breytingu á lýsingu þá er auðvelt að framkvæma þær breytingar í **FA**.

**Staðsetningar** skipta máli ef taka þarf út eignastöðu m.t.t. staðsetningar eða finna eignir vegna endurskoðunar. Taka þarf mið af umfangi starfsemi stofnunar.

**Einingarnar**, ef forráðamenn stofnunar vilja aðgreiningu á milli eininga þá er heppilegasta vinnulagið að skipta upp reikningi þegar upphafleg bókun á sér stað í **AP/GL**. Ferlið að koma á aðgreiningu í **FA** er þyngra.

Hafið í huga að **FA** eignakerfi er undirkerfi **GL** fjárhags. Allar bókanir er varða leiðréttingu innan ársins á tegundalykli/viðfangi þarf að streyma frá **AP/GL**, þ.e. ekki framkvæma einhliða í **FA** heldur þarf bakfærsla að streyma til **FA** og sameina þarf færslur (debet/kredit) í **FA** sem nettar út stöðu og bakfærir fyrningar. Ath. eftir næstu fyrningarkeyrslu er óhætt að úrelða viðkomandi eignir (eignanúmer) í **FA** sem eru eftir sameiningu komin með 0 kr. stöðu (sjá leiðbeiningar á heimasíðu FJS).